

REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 535/2001 um köfun.

1. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. bætast tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:

- f) F-skírteini, sem heimilar leiðsögu- og yfirborðsköfun með ferðamenn til þeirra sem hafa réttindi sem PADI Divemaster, eða sambærileg réttindi frá viðurkenndum alþjóðlegum köfunarsamtökum.
- g) G-skírteini, önnur köfun.

2. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar mál eru tekin fyrir er varða kennsluréttindi til áhugaköfunar, leiðsögu- og yfirborðsköfunar með ferðamenn ásamt málefnum er varða köfunarskóla og fyrirtæki í ferðatengdri köfunarþjónustu skal prófanefnd kalla til ráðgjafar fulltrúa kafara með kennsluréttindi frá viðurkenndum alþjóðlegum köfunarsamtökum.

3. gr.

Þessi reglugerð er sett samkvæmt lögum nr. 31/1996, um köfun, og öðlast gildi 1. nóvember 2012.

Innanríkisráðuneytinu, 3. september 2012.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 18. september 2012